

Einfaldara og skilvirkara regluverk fyrir atvinnulífið:

Aðgerðaáætlun¹

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir endurskoðun regluverks atvinnulífsins með einföldun og aukna skilvirkni að leiðarljósi. Markmið hennar verður að minnka skrifræði og einfalda samskipti við opinbera aðila um leið og kostnaði er haldið niðri.

Sérstakt markmið er að engar nýjar íþyngjandi reglur verði innleiddar fyrir atvinnulífið án þess að um leið falli brott jafn veigamiklar kvaðir. Þannig munu heildaráhrif regluverksins þróast í rétta átt.“

Hér fer á eftir yfirlit um aðgerðir til að hrinda ofangreindum áformum í framkvæmd:

Einföldun gildandi regluverks

1. Til þess að ná árangri við einföldun gildandi regluverks er nauðsynlegt í upphafi að gera **úttekt á stöðunni** eins og hún er. Greina þarf hvað það er í regluhverfi atvinnulífsins sem er óþarflega flókið og íþyngjandi og meta kostnaðinn sem af hlýst. Síðan þarf að setja sér markmið um að draga úr þessum byrðum í áföngum og móta mælikvarða til að fylgjast með árangri. Í ljósi reynslu annarra OECD-ríkja af slíkum verkefnum er rétt að forgangsraða málefnasviðum og nota eftir atvikum dæmigerða hópa fyrirtækja til að fylgjast með árangri. Forsætisráðuneytið vinnur þessa stöðuskýrslu í samráði við önnur ráðuneyti, aðila vinnumarkaðarins og Samband íslenskra sveitarfélaga.
2. Opnaður verði **vefur þar sem almenningi verði gert kleift að koma á framfæri ábendingum** um hvernig megi einfalda reglur eða stjórnsýsluframkvæmd sem varðar atvinnulífið og draga úr kostnaði. Forsætisráðuneytið mun fylgja því eftir að almenningi séu staðin skil á því á vefnum hver viðbrögð ráðuneytanna séu.

Aðgerðir til að stemma stigu við nýjum íþyngjandi reglum

3. Þess verði sérstaklega gætt við undirbúning lagafrumvarpa sem varða atvinnulífið að um þau séu haft **viðtækt samráð og að metin séu áhrif** á hlutaðeigandi geira atvinnulífsins. Stefnt verði að því að drög að mati á áhrifum fylgi frumvörpunum í slíku samráði þannig að hagsmunaaðilar geti komið á framfæri ábendingum um inntak matsins og eftir atvikum bent á leiðir til að ná markmiðum viðkomandi lagasetningar með minni tilkostnaði og einfaldari hætti. Endurskoðuð handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa, sem endurspeglir ofangreint, verði gefin út. Gætt verði að samræmi við væntanlegar handbækur Stjórnarráðsins um stefnumótun og verkefnastjórnun.

¹ Aðgerðaáætlunin var samþykkt í ríkisstjórn 24. maí 2013. Forsætisráðuneytið mun í samráði við ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur og önnur ráðuneyti vinna tímasetta verkefnaáætlun fyrir liði 1-6 í aðgerðaáætluninni.

4. Þegar frumvarp til laga sem felur í sér **nýjar íþyngjandi reglur fyrir atvinnulífið** er lagt fyrir ríkisstjórn verði rökstutt sérstaklega hvers vegna nauðsynlegt sé að setja slíkar reglur. Gerð verði grein fyrir því hvaða aðrar leiðir hafi komið til álita og hvers vegna þeim sé hafnað. Jafnframt verði þá lagt til brottfall annarra reglna til að vega upp á móti viðbótarkostnaði fyrir atvinnulífið. Forsætisráðuneytið móti **verklag** í þessu efni, m.a. með hliðsjón af reynslu Breta af svokölluðu „one-in, one-out“ fyrirkomulagi.
5. **Lög um opinberar eftirlitsreglur verði endurskoðuð** með það fyrir augum að auka virkni þeirra. Þannig verði skerpt á þeim tilgangi laganna að stuðla að skilvirku regluverki fyrir atvinnulífið, sjálfstæði ráðgjarnefndar um opinberar eftirlitsreglur verði aukið sem og gagnsæi í störfum hennar, auk þess sem metið verði hvort henni verði falið sérstakt hlutverk við að stuðla að vönduðu mati á áhrifum lagafrumvarpa.

Eftirfylgni

6. Farið verði yfir verkferla við undirbúning stjórnarfrumvarpa til að stuðla að bættu skipulagi og verkefnastjórnun, eftirliti með samræmi lagafrumvarpa við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar og til að skapa sem bestar forsendur fyrir sýn af hálfu ríkisstjórnar yfir heildaráhrif fyrirhugðarar lagasetningar á atvinnulífið. Að sama skapi verði hugað að möguleikum atvinnulífsins til að átta sig í tæka tíð á fyrirhuguðum lagasetningaráformum, t.d. þannig að þingmálaskráin taki yfir lengra tímabil en eitt ár.
7. Forsætisráðuneytið annist eftirfylgni og taki saman áfangaskýrslu um árangur af starfinu um mitt ár 2015 og lokaskýrslu í árslok 2016.